

LÖG

um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að öruggri uppbyggingu innviða og jákvæðri byggðaðróun með því að efla og samhæfa áætlanagerð á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna, byggðamála og sveitarstjórnarmála, þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um stefnur á sviði húsnæðismála, samgangna og byggðamála og gerð þeirra ásamt aðgerðaáætlunum.

Um gerð og framlagningu landsskipulagsstefnu og fimm ára aðgerðaáætlunar ráðherra á sviði skipulagsmála gilda skipulagslög, sbr. þó 5. gr. um skipan húsnæðis- og skipulagsráðs.

Um gerð og framlagningu stefnu og fimm ára aðgerðaáætlunar á sviði sveitarstjórnarmála gilda sveitarstjórnarlög.

3. gr.

Framlagning þingsályktunartillagna.

Ráðherra leggur fram á Alþingi á hverju kjörtímabili tillögur til þingsályktana um samgöngustefnu, húsnæðisstefnu og byggðastefnu til fimmtán ára á hverju sviði fyrir sig.

Samhliða framlagningu tillögu að stefnu skv. 1. mgr. og í sama skjali skal ráðherra einnig leggja fram tillögu að aðgerðaáætlun sem ráðast skal í á fyrstu fimm árum gildistíma stefnunnar þar sem gerð er grein fyrir áætluðum fjárveitingum eins og við á.

Ef forsendur breytast eða ef tilefni er til að öðru leyti leggur ráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um breytingu á stefnu og aðgerðaáætlun.

4. gr.

Samhæfing stefna.

Tillögur til þingsályktana skv. 3. gr. skulu samhæfðar, styðja hver aðra og byggðar á heildstæðri stefnumörkun ráðherra fyrir hvern málaflökk. Við mótun tillagnanna skulu því sömu viðmið höfð að leiðarljósi en nánari markmiðssetning útfærð á hverju sviði fyrir sig.

5. gr.

Ráð.

Ráðherra skipar þrjú ráð, samgönguráð, byggðamálaráð og húsnæðis- og skipulagsráð sem gera tillögur til ráðherra að stefnum og aðgerðaáætlunum hvert á sínu sviði, að fengnum áherslum ráðherra.

Ráðin skulu með virku samráði sín á milli gæta að því að tillögur þeirra uppfylli kröfur um samhæfingu stefna þannig að þær vinni saman og styðji við sameiginlega framtíðarsýn og áherslur ráðherra.

Ráðin skulu hvert um sig skipuð þremur fulltrúum, tveimur án tilnefningar og einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skipunartími fulltrúa takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

6. gr.

Samráð.

Við undirbúning og mótun þingsályktunartillagna ráðherra skv. 3. gr. skal haft samráð við hagsmunaaðila og jafnframt skal almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum í opnu samráðsferli.

Til að efla byggðaþróun og auka samráð milli ráðuneyta skipar ráðherra stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, sem í eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Stýrihópurinn er skipaður til þriggja ára eftir tilnefningu hvers ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi ráðherra fer með formennsku. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins, tryggja aðkomu allra ráðuneyta að undirbúningi byggðastefnu og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið.

7. gr.

Upplýsingagjöf.

Ráðherra skal veita upplýsingar um framgang þeirra áætlana sem Alþingi hefur samþykkt samkvæmt lögum þessum með reglubundnum og aðgengilegum hætti. Skal þá m.a. greina frá stöðu mælikvarða áætlana, framgangi aðgerða og ráðstöfun fjárveitinga.

8. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um gerð, undirbúning og framkvæmd stefna og aðgerðaáætlana, störf ráða, samráð og upplýsingagjöf.

9. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, og lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015.

10. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um húsnæðismál, nr. 44/1998:* 14. gr. b laganna fellur brott.
2. *Skipulagslög, nr. 123/2010:*
 - a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Aðgerðaáætlun*: Áætlun um aðgerðir á fyrstu fimm árum gildistíma landsskipulagsstefnu.
 2. 14. tölul. orðast svo: *Landsskipulagsstefna*: Samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál til fimmtán ára sem ráðherra lætur vinna og leggur fyrir Alþingi.
 - b. Í stað orðanna „og gera tillögu að landsskipulagsstefnu“ í f-lið 4. gr. laganna kemur: og vinna að undirbúningi tillögu að landsskipulagsstefnu.
 - c. Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
 1. Í stað orðsins „tölf“ í 1. mgr. kemur: fimmtán.
 2. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið laga þessara og áherslur ráðherra auk framangreindra áætlana.
 3. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samhliða framlagningu tillögu að landsskipulagsstefnu og í sama skjali skal ráðherra leggja fram aðgerðaáætlun sem hefur að geyma aðgerðir sem ráðast skal í á fyrstu fimm árum gildistíma landsskipulagsstefnu.
 - d. Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:
 1. 1. mgr. orðast svo:

Húsnæðis- og skipulagsráð, sem skipað er samkvæmt lögum um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, vinnur í samstarfi við Skipulagsstofnun tillögu að landsskipulagsstefnu og aðgerðaáætlun, sbr. 10. gr., í samræmi við áherslur ráðherra. Ráðherra skal áður en vinna hefst við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu hverju sinni skipa ráðgjafarnefnd sem er húsnæðis- og skipulagsráði og Skipulagsstofnun til ráðgjafar og samráðs við gerð tillögunnar. Í ráðgjafarnefnd skulu vera fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, opinberra stofnana og fagaðila á sviði skipulagsmála.
 2. 2. mgr. orðast svo:

Við undirbúning og mótun tillagna skv. 1. mgr. skal haft samráð við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Jafnframt skal almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum í opnu samráðsferli.
 3. 2. másl. 3. mgr. fellur brott.
 4. Í stað orðanna „Við gerð landsskipulagsstefnu skal Skipulagsstofnun“ í 4. mgr. kemur: Við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu skal.
 5. 6.–8. mgr. falla brott.
 - e. Orðin „landsskipulagsstefnu og“ í 4. mgr. 46. gr. laganna falla brott.
3. *Sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011*:
- a. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
 1. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra leggur fram á Alþingi á hverju kjörtímabili tillögu til þingsályktunar um stefnu ríkisins um málefni sveitarfélaga ásamt aðgerðaáætlun. Í henni skal mörkuð stefna fyrir næstu fimmtán ár og jafnframt tilgreindar sérstaklega þær aðgerðir sem ráðast skal í á fyrstu fimm árum gildistíma hennar. Ef forsendur stefnunnar breytast eða ef tilefni er til að öðru leyti leggur ráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um breytingu á stefnunni.
 2. Orðin „sem gerðar eru samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir“ í 3. másl. 5. mgr. falla brott.

- b. Á eftir 97. gr. laganna kemur ný grein, 97. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Sóknaráætlanir landshluta.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim kemur fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðastefnu, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Landshlutasamtök sveitarfélaga skulu vinna sóknaráætlanir hver á sínu starfssvæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Sóknaráætlanir eru unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra hagsmunaaðila í hverjum landshluta.

Þar sem atvinnu- og þjónustusóknarsvæði, eins og þau eru skilgreind í byggðastefnu, ná yfir tvo eða fleiri landshluta skulu viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga samhæfa sóknaráætlanir sínar.

Byggðastofnun leggur mat á framvindu sóknaráætlana og hefur eftirlit með fjárreiðum þeirra.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 2023.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.